

# Foreldrakönnun leikskóla 2014-2015

---

# Daglegt leikskólastarf

---

## Hæðarból

- Almenn ánægja með leikskólann – 82,5%.

## Landið

81,2%

- Ánægja barnsins í leikskólanum að mati foreldra – 97,4%

94,2%

- Hollt mataræði 95%

92,7%

# Námsumhverfi

---

## Hæðarból

- Færni – 84,6%
- Aðstaða – 75%
- Félagsleg samskipti – 91,7%
- Þátttaka án aðgreiningar – 91,3%

## Landið

- Færni – 78,5%
- Aðstaða – 81,3%
- Félagsleg samskipti – 86,5%
- Þátttaka án aðgreiningar – 96,2%

# Samskipti við foreldra

---

## Hæðarból

- Upplýsingamiðlun – 57,7%
- Tengsl við starfsfólk leikskólans 92,5%
- Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu – 71,4%
- Tímasetning viðburða – 89,2%
- Heimasíða leikskólans – 86,5%

## Landið

- Upplýsingamiðlun – 64,3%
- Tengsl við starfsfólk leikskólans 94,3%
- Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu 74,9%
- Tímasetning viðburða – 86,3%
- Heimasíða leikskólans – 89,9%

# Upphaf og lok leikskólagöngu

---

## Hæðarból

- Leikskólabyrjun 33,3%
- Flutningur milli deilda 88%

## Landið

- Leikskólabyrjun 67,3%
- Flutningur milli deilda 87,2%

## Lýstu því hvað þér þykir gott við leikskólann þinn

---

- Aðalatriðið er að barnið er glatt og ánægt og er sátt við að fara í leikskólann. Samskipti við starfsfólk deildarinnar er gott og mikið og fæ ég alltaf þær upplýsingar sem ég bið um.
- Barnið er ánægt og starfsfólkið er gott og það skiptir nú mestu máli þegar barnið er tveggja ára. Er mjög ánægð með hvernig tekið er á móti barninu á morgnanna.
- Er rosalega ánægð með allt starfsfólk á leikskólanum, leikskólastjórann og stefnuna sem er þar.
- Finn fyrir mikilli umhyggju starfsfólks. Í senn gleðilegt og rólegt umhverfi. Mér líður vel að vita af barni mínu á þessum leikskóla.
- Frábært starf í kennslu s.s. enska stærðfræði, markviss málörvun o.s.frv.

# Lýstu því hvað þér þykir gott við leikskólann þinn

---

- Frábært starfsfólk og mikil hlýja
- Gott hópastarf sem kennir börnum ýmislegt sem hæfir þeirra aldri
- Gott og hlýtt viðmót starfsmanna gagnvart börnum og foreldrum og vilji til að koma til móts við óskir foreldra.
- Góður andi
- Góður andi. Mér finnst andrúmsloftið gott á leikskólanum. Barnið kemur mjög sátt heim eftir daginn og er tilbúið að fara aftur daginn eftir. Mér finnst allt mjög þrifalegt. Ég er ánægð með skiptingu útisvæðis eftir aldri barna. Mér finnst allur aðbúnaður vera mjög góður. Ég er ánægð með fjölbreytni í matarvali. Mér finnst gaman að sjá að það er að stórum hluta sama starfsfólk og var fyrir 5 árum - það segir sitt 😊

## Lýstu því hvað þér þykir gott við leikskólann þinn

---

- Góður undirbúningur fyrir skólann, góður matur, fjölbreytt verkefni.
- Hlýlegt viðhorf starfsmanna þegar barnið mætir á morgnanna. Hann er sáttur við að fara inn og hefja störf. Gott að hafa upplýsingar á töflu um hvað hefur verið gert yfir daginn, gefur tækifæri til að spyrja út í og fá svör. Myndataka góð til að tengjast daglegu starfi barnanna. Barninu mínu líður auðsjáanlega vel á leikskólanum.
- Hlýleiki starfsfólkið.
- Hugsað er vel um börnin.
- Kærleiksríkt andrúmsloft. Gleði, söngur og mjög góður matur.
- Leikskólastjórinn stendur sig mjög vel sem og flest starfsfólk leikskólans. Maturinn er til fyrirmyndar og vel er tekið í tillögur um úrbætur.



# Lýstu því hvað þér þykir gott við leikskólann þinn

---

- Menntunarstig er virðist góðu lagi. Allir vingjarnlegir og samskipti á jákvæðum nótum. Uppsetning fría er góð. Virðist skila góðri menntun. Þroski barnsins jákvæður. Góður matur. Jákvæð samskipti.
- Mikið af mjög hæfu og góðu starfsfólki skólinn býr að mikilli reynslu stjórnenda og starfsfólks. Mikil hugsun lögð í vinnuna og allir að leggja sig fram. Eftir höfðinu dansa limirnir og okkur þykir hlýja og yfirvegum einkenna starfið
- Notalegt umhverfi, persónulegt starf, gott starfsfólk, frábær og hollur matur. Gott starfsfólk og allt í föstum skorðum. Barnið mitt er ánægt.
- Persónulegur. Ekki of margir nemendur. Reynslumiklir og menntaðir kennarar. Hollur matur. Hlustað à skoðanir og vangaveltur foreldra.
- Starfsfólk er frábært, starfið flott og samskipti okkar við skólann hefur alltaf verið mjög gott.

## Lýstu því hvað þér þykir gott við leikskólann þinn

---

- Starfsfólkið, ég er einstaklega ánægð með starfsfólkið á Furuseli þar sem barninu mínu líður vel hjá þeim og kemur það bersýnilega í ljós þar sem barnið er ávallt ánægt að fara á leikskólann og talar jafnframt mikið um leikskólakennara sína heima fyrir og þá bara á jákvæðan hátt. Samskipti okkar foreldra við Furusel er mjög gott, ávallt gott viðmót. Við vonum að barnið geti verið annað skólaár á Furuseli.
- Starfsfólkið, þrátt fyrir að gott fólk sé hætt. Jákvætt viðmót starfsmanna, alltaf reynt að koma til móts við þarfir okkar, kokkurinn, framsögnin í salnum.
- Vel menntað starfsfólk og mikil reynsla. Skólinn er hæfilega stór, þannig að kennararnir þekkja öll börnin. Alltaf tekið vel á móti börnunum og þau eru ánægð að fara í skólann og vera þar. Mér finnst líka samstarfið við Hofstaðaskóla vera gott og leikfímistímarnir í Mýrinni, þá eru þau orðin vanari þessu umhverfi sem þau fara í fljótlega

## Lýstu því hvað þér þykir gott við leikskólann þinn

---

- Vel upplýst um svefn og matarvenjur barnsins. Góður andi meðal starfsfólks og gott viðmót við foreldra.
- Vinalegt viðmót Faglegir starfsmenn sem láta barninu mínu líða vel á staðnum. Lítil starfsmannavelta þannig andlit eru barninu kunnug Gott starfsfólk sem hefur áhuga á starfinu sínu.
- Viðmót, þjónusta, samskipti, umhyggja, vellíðan, hlýleiki og fleiri jákvæð orð lýsa mínum leikskóla og get ég haldið lengur áfram.
- Yndisleg umhverfi og góður og fjölbreyttur matur, frekar vingjarnlegt starfsfólk og skemmtileg starfsemi sem á sér stað einsog þegar börnin læra að kynna sig í salnum og kynna lög og Jóga tímarnir.

## Lýstu því hvað þér þykir gott við leikskólann þinn

---

- Yndislegt starfsfólk. Mér líður vel þegar ég skil barnið eftir í leikskólanum því ég veit það er í góðum höndum og vel er hugsað um það. Gott að geta talað við starfsfólkið um barnið af og til. Ég er mjög ánægð með matinn sem barnið fær í leikskólanum. Ég er mjög ánægð með leikskólann og allt það flotta starf sem þar fer fram. Þið eigið hrós skilið.
- Ég er mjög ánægð með starfið og kennsluna á deildinni.
- Það er tekið vel á móti barninu mínu sem og vel kvatt í lok dags. Mér finnst skólinn heimilislegur og mjög þrifalegur. Mér finnst það mjög gott að stjórnandi skólans sé sýnilegur og sé í góðu sambandi við foreldra og börn. Ef upp koma vandamál er tekið á þeim snögg og vel. Mér líður alltaf vel að skilja barnið mitt eftir á Hæðarbóli 😊

# Lýstu því hvað þér þykir slæmt eða megi betur fara í leikskólanum þínum

---

- Upplýsingaflæði og aðstaðan.
- Aðstaða í mat lítil. Kennslustofur litlar. Ekki hitaklefar fyrir blaut útiföt. Þurfa að fara heim með föt á hverjum degi. Langt að labba með börn inn í húsið þegar veður er slæmt. Léleg lýsing á bílastæðum. Fá bílastæði. Starfsmenn taka mörg stæði.
- Að senda heim með fatnaðinn á hverjum degi er frekar dapurt og gamaldags. Vefsíðan er frekar illa uppfærð. (Matseðillinn er síðan í febrúar). Lítið um myndir og annað í starfseminni. Heim með útifötin á hverjum degi! Meiri útivist á elstu börnin utan skólalóðar.

# Lýstu því hvað þér þykir slæmt eða megi betur fara í leikskólanum þínum

---

Barn mitt varð eftir á deild þennan vetur sem hefur valdið smá töfum á málproska því það er að umgangast yngri börn. En aðallega þá þykir barninu það leitt og ræðir stundum. Stm deildarinnar eru samt frábærir í þess garð í alla staði. Hefði viljað fleiri börn í sama árgangi og mitt barn, en það er líklega ekki á valdi leikskólans. Hef áhyggjur að þetta geri undirbúning fyrir grunnskólagöngu erfiðari.

Dettur ekkert í hug nema að veðrið mætti vera betra :)

Ekkert

Finnst mega vera meiri samskipti við foreldra um barnið, að foreldrið fái meiri upplýsingar hvernig gengur.

# Lýstu því hvað þér þykir slæmt eða megi betur fara í leikskólanum þínum

---

Fjölbreyttari matur, ferskt grænmeti, mætti senda fleiri tölvupósta með upplýsingum og áminningum.

Hef setið hér í góðar 5 mínútur og reynt að finna eitthvað til að benda á að færi megi betur, get ekki komið með neina almennilega uppástungu, flott hjá ykkur bara!

Hjördís og Jóhanna á Birkiseli mættu vera með hlýrra viðmót til barnanna. Sýna meiri hlýju og jákvæðni.

Hér er allt til fyrirmyndar

Kuldi starfsfólks sem virðist bitna mjög á börnunum. Börn á þessum aldri eiga að vera glöð en þegar sífellt virðist vera að skamma þau brotna þau niður og verða leið í leikskólanum. Ég myndi aldrei mæla með þessum leikskóla.

lítið leiksvæði hjá Víðiseli, starfsmannabreytingar, stjórnun?

# Lýstu því hvað þér þykir slæmt eða megi betur fara í leikskólanum þínum

---

megum ekki gleyma að börnin eru ennþá bara 5 ára og ekki komin skólaskylda svo þó barnið sé ekki mætt á ákveðnum tímum þá þarf það ekki að missa af eða fá ekki að fara inn í hópa vegna þess að foreldrarnir geta eytt meiri tíma með barninu! mætti auka hlýju gagnvart börnunum mikill munur frá öðrum deildum

Mætti vera betri samskipti milli förledra og starfsmanna, dálítið mikið af skiptingum á starfsfólki og þau ekki alltaf kynnt svo maður veit ekki alveg hver er á deild barnsins og hver ekki.

Mætti vera meiri upplýsingagjöf um hvernig barninu gengur.

Mér finnst það stór galli að það þarf að taka allt dótið með heim eftir hvern dag. Þegar maður er með tvö börn á leiksskólanum verður þetta svoldið lýjandi. Væri mjög sniðugt að setja box í hólfin þar sem maður getur geymt mest allt og tekið óhreint og útigalla með heim.



# Lýstu því hvað þér þykir slæmt eða megi betur fara í leikskólanum þínum

---

Samskipti starfsfólks á deild frá degi til dags og eins mætti mæta einstaklingnum eins og hann er (barninu), ekki reka hópinn sem heild. Það er mikill munur á milli Furusels og Birkisels hvað þetta varðar. Á Furuseli var einstaklingurinn skoðaður en á Birkiseli er meira verið að vinna með hópinn og hvernig hann er rekinn sem heild.

Starfsmanna velta óheppileg síðasta ár Ekkert slæmt sem ég veit um. væri samt gaman að sjá myndir á heimasíðu leikskólans af daglegu starfi barna. Sé að það er á tveimur eldri deildunum en ekki á þeirri þar sem yngstu börnin eru.

Upplýsingaflæði um hvað er verið að kenna krokkunum í grunnfögum einsog að læra að skrifa, lesa og stærðfræði. Þvi barnið kann allt í einu eitthvað sem maður vissi ekki að það kynni. Einnig væri gaman að vita hvaða lög þau eru að læra hverju sinni.

# Lýstu því hvað þér þykir slæmt eða megi betur fara í leikskólanum þínum

---

Var greinilega eitthvað mikið í gangi á deildinni í byrjun og mjög skrítið að allir hafi verið nýir á deildinni mánuði eftir aðlögun það truflaði mitt barn aðeins. Vont að vera búin að mynda tengsl og svo er sú manneskja bara allt í einu horfin.

Viðmót einstaka kennara of kalt og harkalegt gagnvart börnunum E-ð um nýtt/nýlegt starfsfólk á Birkiseli og stundum hefur skort á hlýjuna undandarið sem alltaf hefur einkennd skólann.

# Lýstu því hvað þér þykir slæmt eða megi betur fara í leikskólanum þínum

---

Ég hef stundum velt fyrir mér hvort skoða mætti hvort ástæða sé að breyta fyrirkomulaginu í kringum afmæli barnanna þeas að þau komi með ís eða kökur í skólann. Sykurneysla í þjóðfélaginu er mikil og sykur í öllu sem við borðum, stundum finnst mér þetta vera of mikið, ef það eru 20 börn á deild þá er þetta ca aðra hverja viku. Þó alltaf þannig að það fengi að eldast af skólanum nýtt fyrirkomulag gæti byjað yngstu deild og fylgt þeim áfram í gengum skólann. Ég veit að þetta er undir okkur foreldrum komið, en þegar börnin eru komin á eldri deildir vilja þau fylgja því sem vinir gera.

# Ef þú hugsar um daglegt starf í leikskólanum, er eitthvað sem má betur fara?

---

Er yfir höfuð mjög ánægð með starfið á leikskólanum. Sérstaklega finnst mér ánægjulegt að sjá hve mikil áhersla er lögð á að undirbúa börnin fyrir skólagönguna t.d. með lestri, málfræði og stærðfræði

Erum mjög ánægð með Hædarból.

markviss hreyfing

meiri hlýja í viðmóti gagnvart börnum

Mætti vera meiri metnaður fyrir starfsemi utan skólalóðar

# Ef þú hugsar um daglegt starf í leikskólanum, er eitthvað sem má betur fara?

---

Nei ekkert - erum alsæl með starfið á leikskólanum og kennararnir/leiðbeinendur eru til fyrirmyndar!

Passa þegar börn er aftur á sömu deild að þau þurfi ekki að endurtaka verkefni ársins á undan, m.a. sömu jólagjafir til foreldra, sama skrautið ofl.

Starfið er klárlega til fyrirmyndar

# Ef þú hugsar um menntun, samskipti og starfshætti í leikskólanum, er eitthvað sem má betur fara?

---

Barnið hefur oft sagt að það sé alltaf verið að skamma þau sem samræmist ekki uppeldisstefnu leikskólans. Foreldri hefur ekki alltaf liðið vel með að vita af barninu sínu á þessum leikskóla.

Finnst e.t.v. vanta ný vidhorf. Koma inn með yngri kennara, blanda betur gömlum hefðum à motti nýrri menntun og reynslu.

Lata vita meira hvað þau eru að læra hverju sinni. Fretti það yfirleitt í gegnum barnið.

Mjög sátt við menntun og samskipti. Í samanburði við aðra leikskóla er sá starfsháttur að taka alltaf með öll föt fram og til baka á hverjum degi frekar mikið vesen, skilst að það sé af plássleysi en í öðrum Garðabæjarskólum með svipað pláss er ekki gert þessi krafa.

## Ef þú hugsar um námsumhverfið í leikskólanum, er eitthvað sem má betur fara?

---

Mér fyndist að það hefði mátt hafa foreldraviðtal fyrir jóla eins og talað var um á kynningarfundinum sem maður fór á í ágúst. Vantar aðeins upp á að maður viti hvernig barninu líður nákvæmlega. Svörin hér í dálknum á undan eru í raun og veru ágiskanir útfrá því hvernig mér finnst barninu líða á leikskólanum en ekki eitthvað sem mér hefur verið sagt.

nei

Starfsfólkið mætti taka betur á móti börnum og foreldrum á morgunana í stað þess að sitja inni á deild. Stundum kemur það fyrir að ekki sé tekið undir kveðjur um góðan dag þegar komið er með barn.

## Ef þú hugsar um samskipti við leikskólann, er eitthvað sem má betur fara?

---

Starfsfólks Birkisels mætti temja sér meiri hlýju gagnvart börnum, mikill munur á milli deilda þ.e. viðbrigði frá hinum 2 deildunum þar sem auðsýnd væntumþykja lýsir vel samstarfinu við börnin. Eins óþarfi að vera með stífni gagnvart börnum ef þau koma ekki á réttum tíma eða eru sótt fyrir vegna starfsins í skólanum, frábært starf en þau eru einungis 5 ára og því engin skólaskylda, börnum ekki hleypt í starfið ef koma "of seint". Upplifi stress í börnum gagnvart starfsfólki vegna þessa og börnin látin heyra það. En tek þó fram að mikill léttir að Sæunn kom yfir þar sem hún hefur þessa hlýju sem þarf gagnvart börnunum. Hinar vel hæfar en vantar þennan hluta sem er mjög mikilvægur.



# Ef þú hugsar um upphaf leikskóladvalar barnsins, er eitthvað sem má betur fara?

Starfsmenn mættu fylgjast betur með að ákveðin börn séu ekki skilin út undan og eða þeim strítt mikið á leikskólatíma. Þá sérstaklega í útiveru og frjálsum leik.

Væri gott að fá reglulega upplýsingapósta um hvað væri verið að gera í skólanum, hvaða viðfangsefni er verið að fara yfir og þess háttar.

Ég er mjög ánægð með starfið sem fram fer á deildinni hjá dóttur minni

Ég hugsa að barnið mitt sé of ungt til að margar þeirra spurninga sem hér eru spurðar eigi við.

Það mætti vera meiri metnaður/orka í starfi eldri/elstu barnanna. Það mætti stíga aðeins útfyrir þægindarammann öðru hvoru.

Það væri gott að fá enn meiri upplýsingar um hvernig samskipti milli barnanna ganga í skólanum. Einnig meiri upplýsingar um þroska og námsferil barnsins

# Ef þú hugsar um námsumhverfið í leikskólanum, er eitthvað sem má betur fara?

---

Adallega hvað kennslustofur eru litlar. Vantar meira pláss í morgun- og hádegismat. Ekki borda inni á kennslustofu. Kennarar hafa kaffistofu en ekki nemendur.

lítið leiksvæði

Mætti auka sköpun.

veit ekki

Ég veit í raun ekki neitt um námsumhverfið í leikskólanum.

Útisvæðið mætti alveg vera stærra og fjölbreyttara fyrir Víðisel

Það er lítið stigið út úr þessum ramma sem skólalóðin er.

# Ef þú hugsar um samskipti við leikskólann, er eitthvað sem má betur fara?

---

Betra upplýsingaflæði

Finnst meiga vera aðeins betri samskipti. T.d það að mér er voða lítið sagt um hana nema ég komi að fyrrabragði og spyrji.

Hér er allt til fyrirmyndar

Tíðari uppfærslur á netinu, birta myndir frá starfinu á lokaðri síðu t.d.

væri gaman að fá fleiri upplýsingar inn á heimasíðu leikskólans svo sem myndir af deildinni.

Það mætti skoða að safna t-póstum innan dagsins saman í 1 stk. Þegar t-póst flæði foreldra er mikið í vinnu, hentar ekki endilega að bæta við 2-3 póstum suma daga (þó að málefnið sé mikilvægt). Einnig mætti huga betur að notkun fyrirsagna (subject) til greina frá innihaldi pósta

Það mætti vera oftár foreldraviðtal, mikilvægt að heyra um framvindu barnsins í leikskólanum, er eitthvað sem við foreldrarnir þurfum að efla og huga meira.

# Ef þú hugsar um upphaf leikskóladvalar barnsins, er eitthvað sem má betur fara?

Aðlögunin gekk mjög vel en það var samt frekar einkennilegt að u.m.þ.b. mánuði síðar var enginn starfsmaður á á deildinni sem hafði tekið þátt í aðlöguninni þannig að börnin þurftu strax að kynnst nýju fólki.

Mætti kynna betur starfsfólkið, leyfa foreldrum að kynnst þeim líka.

Starfsmenn fóru í leyfi og hættu á miðju aðlögunartímabili sem óhjáðæmilega er mjög slæmt fyrir barn sem er að byrja í leikskóla. Því svarði ég "nei" við eftirfarandi spurningu hér að ofan: "Sérstakur leikskólakennari/lykilaðili var til staðar fyrir barnið og foreldra í aðlögun því", því sá aðili "fór" úr leikskólanum áður en aðlögun barnsins lauk. Að vísu komu aðrir starfsmenn á deildina í staðinn sem stóðu sig mjög vel og eiga hrós skilið.

Uplýsingar og samskipti til foreldra hefðu mátt vera meiri og betri.

